



Brynhildur Þórarinsdóttir, Andrea Hjálmsdóttir og Þóroddur Bjarnason

## Yndislestur á uppleið?

### Breytingar á lestrarvenjum drengja og stúlkna

► Um höfunda ► Efnisorð

Umræðan um slakan lesskilning íslenskra unglunga, einkum drengja, hefur verið hávær undanfarin ár í kjölfar PISA prófanna í lesskilningi. PISA prófin sýna að lesskilningi íslenskra 15-16 ára unglunga hefur hrakað verulega frá árinu 2000, drengir eru mun fjölmennari en stúlkur í hópi slökustu nemendanna og athyglin hefur beinst að því hlutfalli drengja sem „les sér ekki til gagns“. Rannsóknir á bóklestri hafa að sama skapi sýnt minnkandi lestraráhuga barna og unglunga, og að drengir lesa að jafnaði minna en stúlkur. Markmiðið með þessari rannsókn var að kanna lestraráhuga 15-16 ára nemenda á Íslandi, og bera íslenska unglunga saman við unglunga annars staðar í Evrópu. Í ljósi orðræðunnar um lestrarvanda drengja eru lestrarvenjur kynjanna bæði bornar saman og skoðaðar í evrópsku samhengi. Gögn eru fengin úr evrópsku ESPAD rannsókninni sem lögð er fyrir 15-16 ára unglunga í álfunni á fjögurra ára fresti. ESPAD 2015 gefur vísbendingar um að botninum sé náð hvað varðar bókleysi íslenskra unglunga. Meginniðurstöðurnar eru þær að 10. bekkjum sem hafna bókum fer hlutfallslega fækkandi. Dreigið hefur saman með stúlkum og drengjum sem aldrei lesa bækur utan skóla, drengir eru ennþá í meirihluta bóklausra nemenda, en kynjamunurinn hefur minnkað úr 20 prósentustigum árið 2003 í 9 prósentustig 2015. Hins vegar dregur í sundur með kynjunum í hópi bókhneigðustu barnanna þar sem stúlkur eru í meirihluta. Munurinn var 6 prósentustig árið 2003 en var orðinn 13 prósentustig árið 2015. Samt sem áður standa íslensku drengirnir hlutfallslega betur en stúlkurnar í hinum evrópska samanburði, bæði í flokki bóklausra og bókhneigðra. Þessar niðurstöður sýna vel hversu einhliða mynd orðræðan um lestrarvanda drengja gefur af lestri unglunga.

► About the authors ► Key words

Reading for pleasure on the increase?: Changes in the reading habits of boys and girls

Icelandic schoolchildren are much less likely to read books in their leisure time than their peers did a few decades ago. As in other countries, Icelandic girls on average spend more time than boys reading books, and are more interested in reading. Girls also score higher on standardized tests in Icelandic and show better reading comprehension on OECD's international PISA tests.

These results have become part of the Icelandic discourse on the problematic position of boys in schools. In this discourse, boys are considered to have been marginalized by feminism and bereft of role models and understanding as the teaching profession has become dominated by women. Improving the poor reading skills of boys in particular was a central theme of a large-scale reading initiative launched by the Icelandic Ministry of Education in 2015 and a prominent campaign issue for one of the main candidates in the 2016 Icelandic presidential elections.

In this research, we map changes in reading for enjoyment among Icelandic boys and girls in the period 2003–2015. We use data on more than one hundred thousand 15–16 year old students in most European countries, drawn from the European ESPAD research project conducted every four years with support from the European Council. The Icelandic data is based on a population sample of all 10th grade students in Iceland who were present in class on the day of administration. The results show that on the European level, the proportion of boys and girls in each country that never read a book generally did not change much in the period 2011–2015. In Iceland, the proportion of boys that never read books declined from a third of the population to less than a quarter in the period 2003–15, while the proportion among girls remained stable at around 14%. Thus, the proportion of Icelandic boys that never read books had become significantly lower than among boys in most other European countries in 2015. In contrast, the proportion of Icelandic girls that never read books was close to the European average in 2015.

The results also show that, on the European level, the proportion of boys that read books almost every day generally did not change much in each country in the period 2011–2015. However, the proportion of girls that read books every day decreased substantially in the Nordic countries while increasing substantially in many other European countries. Interestingly, the proportion of Icelandic girls that read every day increased from 13% to 18% in the period 2003–15, while the proportion of Icelandic boys that read every day remained stable at around 7%. Although the proportion of Icelandic girls that read books almost every day remained close to the European average, the increase in Iceland and decrease in other Nordic countries resulted in Icelandic girls moving from the lowest proportion to the highest proportion of avid readers in the Nordic countries. Icelandic boys who read books almost every day, however, remained in the upper half of the European countries and they increased their lead on boys in the other Nordic countries.

These results provide an interesting contrast with the dominant Icelandic discourse on the problematic position of boys in schools. While European boys generally read less than European girls, the difference is less pronounced in Iceland than most other countries. Furthermore, Icelandic boys continue to read more than their peers in most other countries, while Icelandic girls have made progress from the lower half towards the average of European countries. The results suggest that the emphasis on supporting literacy among Icelandic boys has been somewhat successful in a European context. Even though Icelandic boys still read less than girls, they read more than boys in most other European countries and the gender difference is smaller in Iceland than in most other European countries. Conversely, although Icelandic girls read more than Icelandic boys, they do not perform as well as boys in a European context.

## Inngangur

Íslenskir grunnskólanemendur grípa nú mun sjaldnar í bækur í frístundum sínum en jafnaldrar þeirra gerðu fyrir fáeinum áratugum. Langtímarannsókn Þorbjörns Broddasonar o.fl. leiðir í ljós að verulega hefur dregið úr bóklestri íslenskra barna og unglinga frá því að rannsóknin hófst árið 1968 (Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir, 2009). Þannig lásu 10% 10–16 ára barna mjög mikið (10 bækur eða fleiri sl. mánuð) árið 1968 en aðeins 4% árið 2009. Enn meiri breytingar urðu á hópi þeirra sem enga bók höfðu lesið undanfarinn mánuð, sem stækkaði úr 11% í 28% á þessu sama tímabili. Hæst mældist hlutfall þeirra sem ekkert lásu árið 2003 eða 33%.

Mælingar á lesskilningi sýna jafnframt neikvæða þróun. Samkvæmt niðurstöðum alþjóðlegu PISA-rannsóknarinnar, sem OECD hefur staðið fyrir síðan árið 2000, hefur íslenskum nemendum í 10. bekk farið aftur um tæpt ár í lesskilningi á 15 árum. Lesskilningur 10. bekklinga á Íslandi versnaði frá 2000 til 2006. Frammistaðan var nokkuð betri árið 2009 en niðurstöður 2012 og 2015 voru nánast þær sömu og 2006 (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2013; Menntamálastofnun, 2016; OECD, 2016).

Rannsóknir sýna að Íslenskar stúlkur lesa að jafnaði oftar bækur en Íslenskir drengir (Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir, 2012; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009) og Íslenskar stúlkur standa sig að jafnaði betur en drengir á samræmdum prófum í Íslensku (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013; Ragnar F. Ólafsson, Almar M. Halldórsson, Sigurgrímur Skúlason og Júlíus K. Björnsson, 2007; Sveinbjörn Gestsson og Sigurgrímur Skúlason, 2015). Þar að auki hafa stúlkur hér á landi ætíð náð betri árangri í lesskilningi í PISA-prófunum (Almar M. Halldórsson o.fl., 2013; Menntamálastofnun, 2016).

Kynjamunur í bóklestri og lesskilningi er ekki sérÍslenskt fyrirbæri. Mun fleiri stúlkur en drengir lesa daglega sér til skemmtunar í öllum þáttökulöndum ESPAD-rannsóknarinnar (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012). Jafnframt eru mun fleiri drengir en stúlkur í hópi þeirra sem aldrei lesa sér til skemmtunar í öllum þáttökulöndunum. Með sama hætti sýna niðurstöður PISA-prófanna að drengir hafa almennt slakari lesskilning en stúlkur. Stúlkur eru fjölmennari í efri hæfnisstigum prófsins og drengir að sama skapi mun fjölmennari í lægri hæfnisstigum þess (Almar Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Nielsson og Júlíus K. Björnsson, 2010; Menntamálastofnun, 2016; OECD, 2010). Drengir voru mun líklegri en stúlkur til að vera undir lágmarksviðmiðum í öllum greinum PISA 2012, lestri, stærðfræði og náttúruvísindum. OECD benti í því sambandi á tengsl milli tómstundavenja barnanna og árangurs þeirra á prófunum; að drengir verðu mun minni tíma í lestur, einkum þegar kæmi að flóknari texta eins og skáldverkum (OECD, 2014).

Kynjamunur á lestrarvenjum í ESPAD-rannsókninni er lítið eitt minni hér á landi en í meðal-Evrópulandinu. Þannig munaði að jafnaði níu prósentustigum á hlutfalli stúlkna og drengja sem lesa daglega og 17 prósentustigum á hlutfalli þeirra sem lesa aldrei sér til skemmtunar í þáttökulöndum ESPAD árið 2011 (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012). Á Íslandi voru stúlkur sjö prósentustigum hærra en drengir í hópi þeirra sem lásu daglega en 15 prósentustigum lægri í hópi þeirra sem lásu aldrei sér til skemmtunar. Kynjamunurinn í PISA-prófunum hér á landi er hins vegar meiri en í meðal-þáttökulandinu. 2012 reyndist munur á árangri kynjanna í lesskilningi 51 stig á Íslandi samanborið við 38 stig í meðal-landinu, og hafði aukist um 11 stig frá árinu 2000 (OECD, 2014). Árið 2015 reyndist munur á árangri stúlkna og drengja í lesskilningi hins vegar aftur hafa minnkað, í 42 stig á Íslandi og 27 í meðal-landinu (Menntamálastofnun, 2016).

Þannig er kynjamunur í lestri, þ.e. tíðni bóklestrar og lesskilningi, stúlkum í hag í bæði ESPAD- og PISA-rannsóknunum. Rannsóknir víða um heim hafa sýnt fram á sambærilegan mun á lestrarvenjum kynjanna, sem birtist í vali á bókum, hversu mikið þau lesa, áhuga þeirra á lestri og viðhorfum þeirra til lestrar (Clark, 2016; Hibell o.fl., 2012; McGeown, Goodwin, Henderson og Wright, 2012; Þorbjörn Broddason o.fl., 2009). Lestrarvenjur barnanna tengjast síðan árangri þeirra í námi. Cullinan (2000) og Hughes-Hassel og Rodge (2007) sýna fram á að nemendur sem lesa í frítíma sínum ná betri árangri í öllum fögum. Clark (2016) bendir á að börn sem hafa gaman af lestri eru þrisvar sinnum líklegri til að lesa umfram aldursviðmið og börn sem lesa sér til ánægju utan skóla eru fimm sinnum líklegri til að ná þessum árangri. Námsárangur stúlkna umfram drengi er því hægt að skoða í ljósi þess að stúlkur lesa mun oftar í frítíma sínum. Þannig hefur OECD (2010) sýnt fram á að munur á árangri drengja og stúlkna í lesskilningi í PISA er tengdur ánægju af lestri. Stúlkur segjast hafa miklu meiri ánægju af lestri bóka en drengir, þær lesa auk þess fjölbreyttara efni og fara oftar á bókasafn. Drengirnir lesa hins vegar meira á veraldarvefnum (Almar Miðvík Halldórsson, 2011; Logan og Johnston, 2009). Þá benda rannsóknir einnig til þess að viðhorf til lestrar hafi jafnvel meiri áhrif á það hversu mikið börn lesa en færni þeirra í lestri og stúlkur hafi almennt jákvæðara viðhorf til lestrar en drengir (Logan og Johnston, 2009).

Ljóst er að margþættar ástæður liggja að baki lestraráhuga og lesskilningi barna, sem mikilvægt er að gefa gaum. Að sama skapi er ljóst að litróf kynjanna er margbreytilegt; ekki eiga allir drengir erfitt uppdráttar í námi né eiga allar stúlkur auðvelt með nám. Kyn og kyngervi eru að miklu leyti félagslega mótuð ferli og háð menningu og flóknum valdastrúktúr samfélaga þótt karlmennsku og kvenleika sé gjarnan stillt upp sem andstæðum (Connell, 2005). Rannsóknir hér á landi sem og annars staðar benda til þess að stéttarstaða hafi áhrif á lestur barna þar sem líta má á lestraráhuga og lesskilning sem ákveðna tegund menningarlegs auðs í skilningi Bourdieus (1979; 1984) og einnig í skilningi þeirra Bourdieu og Passeron (1977). Þá hafa rannsóknir leitt í ljós að uppruni nemenda getur haft áhrif á félagslega stöðu þeirra, sjálfsmynd og námsárangur; nemendur af erlendum uppruna eru í mörgum tilvikum jaðarsettir (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2012; Anh-Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir, 2016; Skelton, Francis og Read, 2010; Stéphanie Barillé, Hermína Gunnþórsdóttir og Markus Meckl, í prentun; Þóroddur Bjarnason, 2006).

Rannsóknir hafa sýnt að bókaáhugi barna byrjar heima fyrir og aðstæður þar hafa mótandi áhrif á lestrarvenjur barna og unglunga. Alist börn upp við bóklestur þá eru þau líklegri til að lesa sjálf, þetta á bæði við um það að lesið sé fyrir börnin og að lesið sé í kringum þau (Brynhildur Þórarinsdóttir; 2009; Romme-Lund, 2007; Strommen og Mates, 2004). Hér á landi hafa rannsóknir sýnt fram á að meiri menntun foreldra, foreldraeftirlit og stuðningur og eftirfylgni með námi skilar sér í betri námsárangri (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2010). Þetta á einnig við um daglegan bóklestur barna, sem tengist háskólamenntun foreldra hérlendis, eins og í Evrópu almennt (Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason, 2010; Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012).

## Drengjaorðræðan um skóla og læsi

Árangur íslenskra nemenda í lesskilningi í PISA-prófunum hefur valdið verulegum áhyggjum og tengjast þær mikilli umræðu undanfarinna ára um slaka stöðu drengja í skólum (Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2005; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Lingard og Mills, 2009; Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir, 2006; Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir, 2005). Í kjölfar PISA 2009 var fullyrt að fjórðungur drengja á Íslandi gæti ekki lesið sér til gagns, eins og lesa mátti á forsíðu Fréttablaðsins 29. september 2011 (Fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns, 2011) en þegar niðurstöður PISA 2012 lágu fyrir var talað um að þriðjungur íslenskra drengja læsi sér ekki til gagns (30% drengja lesa sér ekki til gagns, 2013; Drengir hafa minni áhuga á lestri, 2013; Illugi um PISA: Vandinn er margþættur, 2013). Orðræðan um drengina var tekin upp í umræðum á Alþingi 21. janúar 2014 (Alþingi, 2014) og varð undirrotin að læsisátaki ráðherrans og Hvítbók 2015 (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2015). Þessi orðræða hélt áfram þegar niðurstöður PISA 2015 lágu fyrir en þá höfðu litlar breytingar orðið frá 2012 (Fimmtungur á erfitt með að lesa sér til gagns, 2016).

Orðræðan í kringum niðurstöður PISA síðustu ár hefur þannig snúist um stöðu drengja í grunn-skólum og verið nokkuð skýr birtingarmynd svokallaðar „drengjaorðræðu“. Þessi angi drengjaorðræðunnar hverfist um það að drengir hafi orðið útundan í jafnréttisbaráttunni og skorti fyrirmyndir og skilning í skólum vegna mikillar fjölgunar kvenna í kennarastétt (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Lahelma, 2014). Birtingarmyndir „drengjavandans“ eru mismunandi eftir löndum (Kimmel, 2010) en í meginatriðum byggist þessi alþjóðlega orðræða á þeirri trú að samband sé milli slakrar frammistöðu drengja í námi og vaxandi kvenlægni skólakerfisins, þ.e. fjölgunar kvenkennara (Martino og Kehler, 2006). Orðræðan hefur reynst áhrifamikil og er gjarnan tekin upp í fjölmiðlum og hefur fræðafólk haldið því fram að hún hafi haft neikvæðar afleiðingar fyrir stúlkur (Lahelma, 2014; Skelton o.fl., 2010). Hér á landi hefur þessi umræða einkum hverfst um þau viðhorf að það halli á drengi í íslensku skólakerfi sem sé sniðið í kringum stúlkur og hafi þeirra þarfar alla jafna í forgrunni. Þá er ekki horft til þeirrar sögulegu staðreyndar að skólakerfið, líkt og önnur opinber kerfi hér á landi, er mótað af körlum (Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2005). Drengjaorðræðan á Íslandi tengist mjög námsárangri nemenda sem er að meðaltali betri hjá stúlkum en drengjum, en eins og meðal annarra Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir (2005) hafa bent á, þá gefur árangur í námi takmarkaða sýn á stöðu stúlkna og drengja í skólum. Staða stúlkna sé til að mynda veikari þegar kemur að sjálfsmynd og líðan (Anna Lilja Sigurvinsdóttir, Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2012; Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir, 2005). Drengjaorðræðan er oft lögð þannig upp að námsárangur sé föst stærð og takmarkaður auður og að stúlkurnar hafi unnið sigur í skólakerfinu á kostnað drengja (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Skelton o.fl., 2010).

Umræðan um lestur og lesskilning barna byggist á sama þrástefi og orðræðan um drengina og skólakerfið. Því er til dæmis haldið fram að samband sé milli lítils áhuga drengja á bóklestri og þess að konur séu hlutfallslega margar í stétt barnabókahöfunda. Barnabækur höfði því síður til drengja en stúlkna (sjá t.d. Lipsyte, 2011). Þar að auki er því haldið fram að textar sem valdir eru til lestrar í skólum höfði síður til drengja en stúlkna (Worthy, Moorman og Turner, 1999). Ástæðan fyrir því að drengir lesa minna en stúlkur sé einfaldlega sú að konur eru allsráðandi í lestrarumhverfi þeirra, bæði í skólanum og bókakostinum, og reynsluheimur og áhugasvið drengjanna því fyrir borð borin.



## Hugmyndir um eðlislægan kynjamun

Fræðafólk hefur gagnrýnt að umræðan um námsárangur drengja og stúlkna og lestrarvenjur þeirra einkennist af eðlishyggju. Þá er vísað til þess að drengir og stúlkur séu í eðli sínu ólík og að kyn ráði því hvað einstaklingarnir geta og gera. Orðatiltækið strákar eru strákar (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004, bls. 52) endurspeglar hugmyndir um að drengir séu í eðli sínu ólíkir stúlkum, þeir þurfi hreyfingu, séu árásgjarnir og megi umfram allt ekki vera kvenlegir eða hommalegir (Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, 2004; Kane, 2006; Kimmel, 2010; Lahelma, 2014; Nanna Kristín Christiansen, 2008). Skólustarf sem grundvallast á bóklestri henti því ekki drengjum. Fjölmíðlar eiga sinn þátt í að viðhalda slíkum hugmyndum með umfjöllun á borð við þá sem hljómaði á Bylgjunni 19. janúar 2017 undir kynningunni „Bítið – erum við að breyta strákum í stelpur?“ (Heimir Karlsson og Gunnlaugur Helgason, 2017) og þá sem birtist í DV 25. janúar 2017 (Ólafur: „Hentar ekki strákum að sitja og lesa“ — Telur skólakerfið bæla niður drengi, 2017).

Hugmyndir um ólíkt eðli drengja og stúlkna eru rótgrónar og mælast þegar í grunnskóla. Berglind Rós Magnúsdóttir (2005) hefur sýnt fram á að meðal nemenda í 10. bekk ríkja mjög kynbundnar hugmyndir um greind og nám. Athyglisvert er að slíkar hugmyndir komu einnig fram hjá kennurum barnanna. Stúlkur eru sagðar fá háar einkunnir vegna iðjusemi og heimanáms, en „eðlisgreindir“ drengir þurfi ekki að læra heima og þeim fyrirgefist því að fá lægri einkunnir. Þessir „eðlisgreindu“ drengir þykja síðan betri leiðtogaefni og njóta mestrar virðingar beggja kynja. Sé tekið mið af þessu tvennu er ljóst að mikill bóklestur samræmist hvorki hugmyndinni um hina atorkusömu og hreyfiglöðu drengi né hugmyndinni um hinn „eðlisgreinda“ dreng sem ekki lítur oft í bók.

Kynjamun í lestri má því rekja til mótandi þátta á uppvaxtarárunum fremur en eðlis kynjanna. McGeown og félagar (2012) hafa sýnt fram á að ástæða þess að drengir hafa minni áhuga á lestri en stúlkur sé að hluta til sú að þeir tengi lestur við kvenleika og lestrarhæfni við kvenlega eiginleika. Þau hafa bent á að kynjamunur í lestri geti stafað af kynbundinni sjálfsvitund barna fremur en líffræðilegu kyni. Rannsóknir sýna að mæður koma með virkari hætti að lestraruppeldi og hefur menntun mæðra til að mynda meira forspárgildi um lestur barna en menntun feðra (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012). Erlendar rannsóknir sýna einnig fram á fjarveru feðra í lestraruppeldi (McGeown o.fl., 2012). Ungir lestrarhestar eiga það hins vegar sameiginlegt að bæði pabbi og mamma hafa lesið upphátt fyrir þá (Kristín Heba Gísladóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir og Herdís Anna Friðfinnsdóttir, 2013).

Enginn kynjamunur kemur fram á fyrsta stigi læsisþróunar drengja og stúlkna (Freyja Birgisdóttir, 2011) en fljótlega fer þó að bera á mun á lestrarvenjum. Í nýrri bandarískri rannsókn má sjá hvernig munur á fjölda lesinna orða stúlkna og drengja eykst með aldri (Renaissance, 2016). Á yngsta stigi (6–10 ára) lesa drengir að jafnaði 94–98% af þeim orðafjölda sem stúlkur lesa á ári, á miðstigi (Middle school) dragast þeir hratt aftur úr, fara úr 89% niður í 74% þar sem þeir haldast út unglíngaskólann (High school). Með lesnum orðum byggja nemendur upp orðaforða sem síðan tengist mjög lesskilningi, eins og Freyja Birgisdóttir (2016) hefur sýnt fram á. Þannig eykst kynjamunur í lesskilningi jafnt og lestrarvenjum eftir því sem nemendurnir eldast og reyndar verða viðhorf bæði stúlkna og drengja til lestrar neikvæðari með aldrinum (Logan og Johnston, 2009). Bilið milli viðhorfa kynjanna til yndislesturs breiðkar með aldrinum og er ekki tengt lestrargetu (McKenna, Kear og Ellsworth, 1995).

## Viðbrögð við „dregjavandanum“

Hér á landi hefur verið reynt að bregðast við „dregjavandanum“ í lestri með margvíslegum hætti, bæði í skólakerfinu og bókmenntaheiminum. Niðurstöður PISA-prófanna 2003 sýndu að kynjamunur í lesskilningi var óvenju mikill á Íslandi eða 58 stig (Nanna Kristín Christiansen, 2008). Haustið 2005 var sett á fót, fyrir tilstuðlan Menntasviðs Reykjavíkurborgar, verkefnið Drengir og grunnskólinn. Vesturbæjarskóli fékk það hlutverk að vera móðurskóli í verkefninu sem ætlað var að „finna leiðir sem stuðla að bættum námsárangri og líðan drengja í skólum og veita öðrum skólum ráðgjöf og fræðslu á því sviði en rannsóknir höfðu sýnt að drengjum farnast almennt verr í skólum en stúlkum“ (Nanna Kristín Christiansen, 2008, bls. 1). PISA-könnunin 2009 sýndi að dregið hafði saman með kynjunum frá árinu 2003 en þó hafði lítilsháttar aukning orðið á kynjamun í lesskilningi frá árinu 2000. Munurinn á frammistöðu kynjanna reyndist 44 stig árið 2009 en var 40 stig árið 2000 (Almar M. Halldórsson, 2011). Í kjölfarið boðaði Reykjavíkurborg sértækar

aðgerðir til að kanna og bæta stöðu drengja í skólum borgarinnar (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Óttar Proppé, Nanna K. Christiansen, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Páll Haraldsson, 2011). Um mitt ár 2010 skipaði Menntaráð Reykjavíkur starfshóp sem átti að leita leiða til að efla námsáhuga drengja í grunnskólum borgarinnar (Reykjavíkurborg, 2010). Starfshópurinn skilaði ítarlegri skýrslu í september 2011 og þar eru meðal annars settar fram tíu tillögur um það hvernig efla megi námsáhuga drengja. Þar er þó einnig undirstrikað að áhugi sé á því að setja á lagginnar starfshóp sem skoði líðan stúlkna í skólum borgarinnar en ekki er minnst á námsárangur í því samhengi (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir o.fl., 2011).

Niðurstöður PISA-prófanna 2003–2012 í lesskilningi voru lagðar til grundvallar þegar læsisátaki Mennta- og menningarmálaráðuneytisins var hleypt af stokkunum haustið 2015, en átakið beindist sérstaklega að drengjum sem gátu ekki lesið sér til gagns (Alþingi, 2015). Í opinberri umræðu um framtíð þjóðarinnar hafa drengirnir verið í forgrunni, til að mynda voru ólæsu drengirnir eitt af aðaláherslumálum eins frambjóðandans í forsetakosningunum vorið 2016 (Andri Snær Magnason, 2016). Þá hafa bókaútgefendur lagt áherslu á útgáfu og kynningu bóka fyrir drengi, eftir karlkyns höfunda, með þeim árangri að þegar lítið er á lista Félags íslenskra bókaútgefenda yfir söluhæstu bækur árána 2014 og 2015 má sjá að þrjár barnabækur komust á hvorn lista, allar eftir karlmenn (Félag íslenskra bókaútgefenda, e.d.).

Bæði innlend umræða um lestrarvanda drengja og aðgerðir til að bæta lestur drengja hér á landi enduróma alþjóðlega orðræðu, orðræðu sem byggist á því að drengir upp til hópa hafi lítinn áhuga á lestri, telji lestur „stelpulegan“ og að beita þurfi öðrum ráðum til að fá drengi til að lesa en stúlkur (Lahelma, 2014; Skelton og Francis, 2011). Þessi orðræða dregur upp staðalmynd af drengjum og með henni er ætlast til að komið sé til móts við meint kynbundin áhugamál þeirra í bókaútgáfu og lestrarkennslu. Þannig hafa niðurstöður rannsókna á lestrarvenjum og lesskilningi drengja og stúlkna verið nýttar til að styðja staðalmyndir kynjanna í stað þess að ögra þeim (Lahelma, 2014; Martino og Kehler, 2007). Sú mynd sem opinberlega er haldið á lofti sýnir því svarthvíta mynd af sístækkandi hópi bóklausa drengja, hvorki er pláss á myndinni fyrir bóklaugar stúlkur né drengi sem eru áhugasamir um lestur. En er sú mynd sönn?

Hér beinum við sjónum að þróun yndislestrar íslenskra drengja og stúlkna í 10. bekk, eins og hún birtist í niðurstöðum ESPAD-rannsóknarinnar 2003–2015. Lestrarvenjur unglunga á Íslandi verða skoðaðar í samanburði við lestrarvenjur unglunga á hinum Norðurlöndunum og í öðrum Evrópulöndum. Í ljósi drengjaorðræðunnar eru meginspurningarnar þær hvort sérstök ástæða sé til að hafa áhyggjur af stöðu íslenskra drengja og hvort íslenskar stúlkur standi að jafnaði vel þegar hin stóra mynd er skoðuð. Annars vegar verður horft til lestrarhestanna sem lesa bækur daglega sér til skemmtunar og hins vegar bókláusu unglunganna sem aldrei lesa bækur aðrar en skólabækur.

## Aðferðir og gögn

Evrópska ESPAD rannsóknin (the European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs) Evrópska ESPAD-rannsóknin (the European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs) byggist á spurningakönnun sem lögð er fyrir ríflega hundrað þúsund 15–16 ára nemendur í 35–40 löndum á fjögurra ára fresti (ESPAD, 2016). Spurt er um margvíslega þætti sem tengjast daglegu lífi ungs fólks, svo sem áfengis- og vímuefnaneyslu, líðan í skóla, framtíðaráform og tómsunda-iðkun á borð við bóklestur. Lágmarksúrtaf í hverju þátttökulandi er 1200 stúlkur og 1200 drengir (Hibell og Guttormsson, 2011), en þátttakendur eru allt að tólf þúsund í einstökum löndum.

ESPAD-verkefnið er unnið fyrir tilstuðlan Evrópuráðsins og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefni. Alþjóðleg umsjón ESPAD-verkefnisins hefur verið við CAN-stofnunina í Stokkhólmi en hér á landi hefur rannsókninni verið stýrt af Rannsóknasetri forvarna við Háskólann á Akureyri. Á síðustu árum hefur fjöldi sérfræðinga og háskólanema við íslenska háskóla tekið virkan þátt í ESPAD á Íslandi. Verkefnið er stutt af Háskólanum á Akureyri og hefur í gegnum tíðina notið styrkja, t.d. frá Áfengis- og vímuefnarráði (1993–2003), Lýðheilsustöð (2003–2006), Rannsóknasjóði Háskólans á Akureyri (2006) og Háskólasjóði KEA (2007–2012).

Á Íslandi er ESPAD-rannsóknin þýðisrannsókn sem nær til allra nemenda sem skráðir eru í 10. bekk um land allt. Á árunum 2003–2015 tóku að jafnaði 3.202 nemendur þátt í einstökum ESPAD-fyrirlögnum á Íslandi. Svarhlutfall var að jafnaði 71% og skýrðist það bæði af brottfalli skóla, einstakra bekkja og mætingu á fyrirlagnardegi. Meðalaldur nemenda við fyrirlögn er að jafnaði um

15,8 ár en fyrirlögn könnunarinnar er á tímabilinu febrúar til apríl.

Í ESPAD-rannsókninni er spurt um margvísleg efni sem tengjast daglegu lífi og tómstundum unglunga í Evrópu. Þar á meðal er spurt hversu oft nemendur lesi bækur aðrar en skólabækur sér til skemmtunar. Í þessari rannsókn eru lestrarhestar skilgreindir sem þeir nemendur sem nær daglega lesa bækur sér til skemmtunar en bóklausir nemendur þeir sem aldrei segjast gera slíkt.

Ekki eru reiknuð marktækniþróf á breytingar á lestri unglunga innanlands, enda er um þýðisrannsókn að ræða. Við samanburð hlutfalla milli landa eru hins vegar reiknuð öryggisbil miðað við 95% marktæktarmörk og óendanlega stórt þýði.


## Niðurstöður

### Bóklausir nemendur

Eins og sjá má á mynd 1 hafa litlar breytingar orðið á hlutfalli íslenskra stúlkna sem aldrei lesa bækur aðrar en skólabækur á tímabilinu 2003–2015. Það hlutfall var 14% árið 2015 samanborið við 13% árið 2003. Hins vegar hefur hlutfall bóklausra stráka lækkað úr þriðjungi árið 2003 í fjórðung árið 2015. Af þeim sökum hefur þetta hlutfall lækkað um fimm prósentustig í hópnum í heild og kynjamunur minnkað úr 20 prósentustigum árið 2003 í níu prósentustig árið 2015.

Sé litið til stöðu íslenskra unglunga gagnvart jafnöldrum þeirra í öðrum þáttökulöndum ESPAD kemur í ljós að hlutfall bóklausra íslenskra stúlkna er nálægt meðallagi. Á mynd 2 má sjá að munurinn er ekki marktækur milli íslenskra stúlkna og jafnaldra þeirra í fimm löndum, auðkennd með gráum súlum. Bóklausar stúlkur eru hins vegar marktækt fleiri á Íslandi en í þeim fimmtán löndum sem auðkennd eru með rauðum súlum en marktækt færri en í þeim fjórtán löndum sem auðkennd eru með grænum súlum.

### Hlutfall bóklausra nemenda í 10. bekk 2003–2015





Mynd 2

### Hlutfall bóklausra nemenda í 10. bekk 2003–2015

Athygli vekur að það er einkum í Austur- og Suður-Evrópu sem hlutfall bóklausra stúlkna er marktækt lægra en á Íslandi. Þetta hlutfall er einkum hærra en á Íslandi í löndum í Norður- og Vestur-Evrópu. Hlutfall bóklausra stúlkna í Danmörku er ekki marktækt frábrugðið Íslandi en hlutfallið er marktækt hærra á hinum Norðurlöndunum.

Hins vegar er hlutfall bóklausra drengja lægra á Íslandi en í flestum öðrum þáttökulöndum. Þetta hlutfall er marktækt lægra í sex löndum í Austur- og Suður-Evrópu en marktækt hærra í 26 þáttökulöndum. Sérstaka athygli vekur að hlutfall drengja sem aldrei lesa bækur aðrar en skólabækur er marktækt lægra á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum.




Mynd 2



## Hlutfall bóklausa nemenda í 10. bekk í evrópskum samanburði 2015

Mynd 3 sýnir breytingar á hlutfalli bóklausa drengja og stúlkna frá 2011 til 2015 í þeim löndum sem tóku þátt í ESPAD-rannsókninni bæði árin. Lárétti ásinn sýnir niðurstöður rannsóknarinnar árið 2011 en lóðrétti ásinn niðurstöður ársins 2015. Gráa brotalínuna sýnir því hvar engin breyting hefur orðið á þessum fjórum árum. Punktur ofan við brotalínuna sýna fjölgun bóklausa nemenda en punktar neðan við brotalínuna sýna fækkun þeirra.



Mynd 3

## Breytingar á hlutfalli bóklausa nemenda í Evrópu 2011–2015


Eins og sjá má er hlutfall bóklausa stúlkna almennt talsvert lægra en hlutfall bóklausa drengja. Líkt og á Íslandi hefur hlutfall bóklausa stúlkna lítið breyst í Danmörku, hins vegar fer bóklusum stúlkum nokkuð fjölgandi í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Færeyjum.

Íslenskir drengir skera sig hins vegar nokkuð úr hópi norrænna drengja. Árið 2011 var hlutfall bóklausa drengja á Íslandi ívið lægra en í Finnlandi og Svíþjóð. Á fjórum árum hefur hlutfallið hins vegar lækkað á Íslandi en hækkað í Finnlandi og Svíþjóð. Því hefur bilið milli íslenskra drengja og annarra norrænna drengja breikkað talsvert.

## Bókhneigðir nemendur

Eins og sjá má á mynd 4 hafa litlar breytingar orðið á hlutfalli íslenskra drengja sem nær daglega lásu bækur aðrar en skólabækur á tímabilinu 2003–2015. Það hlutfall var 7% bæði árið 2003 og 2015. Hins vegar hefur hlutfall lestrarhesta meðal stúlkna hækkað úr 13% árið 2003 í 18% árið 2015. Af þeim sökum hefur þetta hlutfall hækkað um þrjú prósentustig í hópnum í heild og kynjmunur aukist úr sex prósentustigum árið 2003 í ellefu prósentustig árið 2015.


## Hlutfall bókhneigðra nemenda í 10. bekk 2003–2015




Mynd 4

## Hlutfall bókhneigðra nemenda í 10. bekk 2003–2015

Sé litið til stöðu íslenskra unglunga gagnvart jafnöldrum þeirra í öðrum þátttökulöndum ESPAD kemur í ljós að hlutfall bókhneigðra íslenskra stúlkna er nálægt meðallagi. Á mynd 5 má sjá að munurinn er ekki marktækur milli íslenskra stúlkna og jafnaldra þeirra í sjö löndum, auðkennd með gráum súlum. Bókhneigðar stúlkur eru hins vegar marktækt fleiri á Íslandi en í þeim átján löndum sem auðkennd eru með rauðum súlum en marktækt færri en í þeim níu löndum sem auðkennd eru með grænum súlum.






Mynd 5

### Hlutfall bókhneigðra nemenda í 10. bekk í evrópskum samanburði 2015

Athygli vekur að það er einkum í Austur- og Suður-Evrópu sem hlutfall bókhneigðra stúlkna er marktækt hærra en á Íslandi. Hlutfall bókhneigðra stúlkna á Íslandi er marktækt hærra en á hinum Norðurlöndunum.

Hins vegar er tiltölulega lítil munur á hlutfalli bókhneigðra drengja eftir löndum og munurinn er ekki marktækur í tíu tilvikum. Hlutfall bókhneigðra drengja er einungis marktækt hærra en á Íslandi í fimm löndum. Hins vegar er það marktækt lægra í 19 þáttökulöndum ESPAD, þar með talið á öllum hinum Norðurlöndunum.



Mynd 6

## Breytingar á hlutfalli bókhneigðra nemenda í Evrópu 2011–2015

Mynd 6 sýnir breytingar á hlutfalli bókhneigðra drengja og stúlkna frá 2011 til 2015 í þeim löndum sem tóku þátt í ESPAD-rannsókninni bæði árin. Lárétti ásinn sýnir niðurstöður rannsóknarinnar árið 2011 en lóðrétti ásinn niðurstöður ársins 2015. Gráa brotalínun sýnir því hvar engin breyting hefur orðið á þessum fjórum árum. Punktur ofan við brotalínuna sýna fjölgun bókhneigðra nemenda en punktar neðan við brotalínuna sýna fækkun þeirra.

Eins og sjá má er hlutfall bókhneigðra stúlkna almennt talsvert hærra en hlutfall bókhneigðra drengja. Á Íslandi hefur hlutfall bókhneigðra stúlkna hækkað talsvert en staðið í stað eða lækkað á hinum Norðurlöndunum. Sömuleiðis hefur hlutfall bóklausra drengja hækkað lítilsháttar á Íslandi en lækkað lítilsháttar á hinum Norðurlöndunum.

## Umræða

Opinber umræða um lestur íslenskra unglunga hefur að verulegu leyti snúist um frammistöðu þeirra á stöðluðum lesskilmingsprófum og sérstaklega um hlutfall drengja sem „getur ekki lesið sér til gagns“ samkvæmt viðmiðum PISA-rannsóknarinnar (30% drengja lesa sér ekki til gagns, 2013; Drengir hafa minni áhuga á lestri, 2013; Fimmtungur á erfitt með að lesa sér til gagns, 2016; Fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns, 2011; Illugi um PISA: Vandinn er margþættur, 2013). Þessi rannsókn varpar nokkuð öðru ljósi á lestrarvanda unglunga, með áherslu á hlutfall þeirra sem lesa aldrei bækur sér til gamans.

Niðurstöður ESPAD-rannsóknarinnar sýna að í Evrópu eru almennt mun fleiri drengir en stúlkur sem lesa aldrei bækur sér til skemmtunar. Árið 2011 var hlutfall bóklausra drengja á Íslandi nálægt hinu evrópska meðaltali. Árið 2015 var þetta hlutfall nánast óbreytt meðal evrópskra drengja en hafði lækkað um fimm prósentustig meðal íslenskra drengja. Árið 2015 var hlutfall bóklausra drengja því aðeins marktækt lægra en á Íslandi í sex löndum en marktækt hærra í 26 löndum. Sambærileg breyting varð ekki meðal íslenskra stúlkna. Hlutfall bóklausra stúlkna stóð nánast í stað á Íslandi en lækkaði víða annars staðar. Árið 2015 voru íslenskar stúlkur því rétt um miðjan hóp evrópskra stúlkna en hlutfall bóklausra stúlkna var marktækt lægra í fimmtán löndum en marktækt hærra í fjórtán löndum.

Það má vel vera að orðræðan um drengi sem geta ekki lesið sér til gagns hafi skilað þeim árangri að bóklausir drengir eru nú færri á Íslandi en í flestum öðrum Evrópulöndum. Foreldrar, kennarar, fjölmiðlafólk, ráðherrar og forsetaframbjóðendur eru vel meðvitaðir um vanda hinna ólæsu drengja og bókaútgefendur hafa lagt mikla áherslu á útgáfu og kynningu bóka sem höfða til drengja sérstaklega. Þannig voru þeir þrír barnabókahöfundar sem náðu inn á metsölulista yfir allar seldar bækur á íslensku árin 2014 og 2015 karlar sem jafnframt voru þekktar barnamenningarhetjur úr sjónvarpi, kvikmyndum og leikhúsi; Gunnir Helgi (Gunnar Helgason), Ævar vísindamaður (Ævar Þór Benediktsson) og Vísinda-Villi (Vilhelm Anton Jónsson) (Félag íslenskra bókaútgefenda, e.d.). Kynjabilíð í hlutfalli bóklausra drengja og stúlkna hefur minnkað úr 20 prósentustigum árið 2003 í 9 prósentustig árið 2015, en á sama tíma hafa íslenskir drengir farið úr meðallagi upp í hæstu hæðir evrópskra kynbræðra sinna meðan íslenskar stúlkur hafa staðið í stað.

Mun minna hefur farið fyrir umræðu um þá unglunga sem lesa mikið sér til skemmtunar, en þróun þess hóps er nánast spegilmynd þess bóklausra. Niðurstöður ESPAD-rannsóknarinnar sýna að í Evrópu lesa almennt mun fleiri stúlkur en drengir bækur daglega sér til skemmtunar. Árið 2011 var hlutfall íslenskra stúlkna undir meðaltali stallsystra þeirra í Evrópu en árið 2015 hafði það hlutfall hækkað um fimm prósentustig á Íslandi en evrópska meðaltalið hafði nánast staðið í stað. Árið 2015 var hlutfall stúlkna sem nánast daglega lesa bækur sér til skemmtunar því marktækt hærra hér á landi en í átján Evrópulöndum en marktækt lægra en í níu Evrópulöndum. Hlutfall drengja sem nánast daglega las bækur sér til skemmtunar stóð hins vegar nánast í stað en þeir héldu jafnframt sterkri stöðu sinni í evrópskum samanburði. Þannig var hlutfall lestrarhesta meðal drengja aðeins marktækt hærra í fimm Evrópulöndum en marktækt lægra í nítján Evrópulöndum.

Þessar niðurstöður setja hina íslensku drengjaorðræðu í áhugavert samhengi. Hvað yndislestur varðar standa íslenskir drengir höllum fæti gagnvart íslenskum stúlkum – mun fleiri drengir en stúlkur lesa aldrei bækur sér til ánægju og mun færri drengir en stúlkur lesa bækur nánast daglega sér til ánægju. Aftur á móti standa íslenskir drengir afar sterkt gagnvart drengjum í öðrum Evrópulöndum – mun færri íslenskir drengir lesa aldrei bækur sér til ánægju og mun fleiri lesa

nánast daglega. Íslenskar stúlkur eru hins vegar nálægt meðallagi samanborið við stallsystur sínar í öðrum Evrópulöndum.

Drengjaorðræðan um læsi gefur því einhliða mynd af stöðu mála. OECD hefur bent á að munurinn á árangri nemenda í lesskilningi innan drengja- og stúlknaþópanna hvors fyrir sig er meiri en milli kynjanna (OECD, 2014). Breiddin er einnig mikil þegar kemur að lestrarvenjum. Munurinn á milli einstaklinga skýrist m.a. af félagslegri stöðu nemenda; því menningarlega auðmagni sem þeir hafa í farteskinu þegar þeir hefja skólagöngu og hefur áhrif á lestrarvenjur þeirra (Brynhildur Þórarinsdóttir o.fl., 2012). Það er því mikil einföldun að alhæfa um lestrarvenjur barna eingöngu út frá kyni. Hins vegar er ekki hægt að líta fram hjá því að kyngervi, kynvitund og staðalmyndir kynjanna skipta máli þegar kemur að lestri barna. Skýringin á minni lestri drengja en stúlkna felst að einhverju leyti í því að drengir tengja lestur við kvenleika og lestrarhæfni við kvenlega eiginleika (McGeown o.fl., 2012).

Logan og Johnston (2009) telja að jákvætt viðhorf til lestrar geti hugsanlega haft meiri áhrif á tíðni lestrar fremur en að aukin tíðni lestrar sé beinlínis afleiðing af lestrarhæfni. Beina þurfi sjónum að kynjamun hvað varðar viðhorf, hæfni og hugmyndir ungmenna frekar en talningu bóka eða atkvæða á mínútu (Logan og Johnston, 2009). Það er í samræmi við fyrri niðurstöður McKenna, Kear og Ellsworth (1995) um að viðhorf til lestrar skipti miklu máli fyrir börn og jafnvel meira máli en færnin í sjálfu sér. Í fyrsta lagi geti viðhorf barnanna til lestrar haft áhrif á frammistöðu þeirra, þ.e. hversu mikinn tilgang þau sjái í því að æfa sig og leggja sig fram við lestur. Í öðru lagi geti neikvæð viðhorf til lestrar haft áhrif á góða lesendur og komið í veg fyrir að þeir lesi ef þeir hafa möguleika á því að gera eitthvað annað. Í rannsókn sem gerð var á Akureyri 2012 kom í ljós að lestrarhestar hafa mun jákvæðari og ígrundaðri viðhorf til lestrar en jafnaldrar þeirra sem ekki eru áhugasamir lesendur (Kristín Heba Gísladóttir o.fl., 2013). Það er því ljóst að viðhorf barna til lestrar – eða ímynd lestrarhestsins er atriði sem skoða þarf vel ef auka á áhuga barna á lestri.

Ríkjandi orðræða um kynjamun á lestrarvenjum er vafasöm og gefur í skyn að lestur sé kynbundin iðja. Mikilvægt er að hafa í huga að ekki eru allar stúlkur lestrarhestar né eru allir drengir latir að lesa. Í hópi lestrarhesta leynast bæði stúlkur og drengir, rétt eins og í hópi bóklausra. Viðurkenna þarf að drengja- og stúlknaþóparnir eru fjölbreyttir, bæði hvað varðar lestraráhuga og hæfni, sem og kynvitund og bakgrunn. Niðurstöður þessarar rannsóknar undirstrika hversu mikilvægt það er að leysa orðræðuna um lestur barna úr viðjum staðalmynda og huga að félagsmótun í tengslum við lestur. Orðræða sem hverfist um drengi sem lata lesendur getur skaðað viðhorf drengja til lestrar og dregið enn frekar úr viðleitni þeirra til að lesa. Þótt hér sé sleginn þessi varnagli er ekki hægt að líta fram hjá því að í heildina er munur á lestrarvenjum kynjanna sem þarf að vinna á þannig að sem flestum drengjum og stúlkum gangi sem best innan skólakerfisins.

## Heimildir

30% drengja lesa sér ekki til gagns. (2016, 7. desember). *mbl.is*. Sótt af [http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/12/03/30\\_prosent\\_drengja\\_lesa\\_ser\\_ekki\\_til\\_gagns/](http://www.mbl.is/frettir/innlent/2013/12/03/30_prosent_drengja_lesa_ser_ekki_til_gagns/)

Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður PISA 2012: Læsi nemenda á stærðfræði og náttúrufræði og lesskilningur*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Almar Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson, Óskar H. Niélfsson og Júlíus K. Björnsson. (2010). *Íslenskir nemendur við lok grunnskólans: Helstu niðurstöður PISA 2009 rannsóknarinnar um leskilning og læsi í stærðfræði og náttúrufræði*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Almar Miðvík Halldórsson. (2011). *Kynjamunur í námsárangri í grunnskólum Reykjavíkur samkvæmt PISA 2009 og samræmdum prófum*. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkur.

Alþingi. (2014, 21. janúar). Staða Íslands í alþjóðlegu PISA-könnuninni, munnleg skýrsla mennta- og menningarmálaráðherra [Videóskrá]. B-406. mál á 53. fundi, 143. Lögjafarþingi. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/upptokur/raeda/?raeda=rad20140121T151720>

Alþingi. (2015, 17. september). Þjóðaráttak um læsi [Videóskrá]. IB-41. mál á 8. fundi, 145. lögjafarþingi. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/upptokur/lidur/?lidur=lid20150917T110645>



Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2010). Tengsl námsárangurs við viðhorf nemenda og foreldra til skólagöngu og við félagslegan bakgrunn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 7, 60–67.

Andri Snær Magnason. (2016, 9. júní). Baráttan um Bessastaði: Andri Snær Magnason [sjónvarpsþáttur]. *RÚV*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/barattan-um-bessastadi-andri-snaer-magnason>

Anh-Dao Tran og Hanna Ragnarsdóttir. (2016). Stefna í málefnum nemenda af erlendum uppruna og innleiðing hennar í fjórum sveitarfélögum á Íslandi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérítt 2016 – Námsrými félagslegs réttlætis og menntunar án aðgreiningar*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi\\_felagslegs\\_rettlætis\\_og\\_menntunar\\_an\\_adgreiningar\\_learning\\_spaces\\_for\\_inclusion\\_and\\_social\\_justice/004.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/namsrymi_felagslegs_rettlætis_og_menntunar_an_adgreiningar_learning_spaces_for_inclusion_and_social_justice/004.pdf)

Anna Lilja Sigurvinsdóttir, Ársæll Már Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2012). Líkamsímynd íslenskra unglunga í 6., 8. og 10. bekk. Í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn: Ráðstefna XIII um rannsóknir í félagsvísindum*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Berglind Rós Magnúsdóttir. (2005). „Ég veit alveg fullt af hlutum en ...“ Hin kynjaða greindarorðræða og birtingarmyndir hennar meðal unglunga í bekkjardeild. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólasterfi* (bls.171–195). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Berglind Rós Magnúsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. (2005). Er grunnskólinn kvenlæg stofnun? Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn H. Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólasterfi* (bls.151–170). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Bourdieu, P. (1979). *Les trois états du capital culturel*. *Actes de la recherche en sciences sociales*, 30, 3–6.

Bourdieu, P. (1984). *Distinction: A social critique of the judgement of taste*. London: Routledge.

Bourdieu, P. og Passeron, J. C. (1977). *Reproduction in education, society and culture*. London: Sage.

Brynhildur Þórarinsdóttir. (2009). Lestrarvenjur íslenskra bókaorma. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 569–77). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason. (2010). Bóklestur íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn 2010* (bls. 40–50). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Brynhildur Þórarinsdóttir, Þóroddur Bjarnason og Andrea Hjálmsdóttir. (2012). *Bóklausir og bókaormar: Tengsl menntunar og efnahags foreldra við yndislestur unglunga í alþjóðlegu ljósi. Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/14529/1/004.pdf>

Clark, C. (2016). *Children's and young people's reading in 2015: Findings from the National Literacy Trust's annual survey 2015*. London: National Literacy Trust.

Connell, R. W. (2005). *Masculinities*. Berkeley: University of California Press.

Cullinan, B. E. (2000). Independent reading and school achievement: School library media research. *Research Journal of the American Association of School Librarians*, 3, 2–24.

Drengir hafa minni áhuga á lestri. (2013, 4. desember). *Ruv.is*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/drengir-hafa-minni-ahuga-a-lestri>

ESPAD. (2016). *ESPAD report 2015: Results from the European school survey project on alcohol and other drug use*. Sótt af [http://www.espad.org/sites/espad.org/files/ESPAD\\_report\\_2015.pdf](http://www.espad.org/sites/espad.org/files/ESPAD_report_2015.pdf)

Félag íslenskra bókaútfendna. (e.d.). *Bóksölulistinn*. Sótt af <http://fibus.is/bokasolulistinn>

- Fimmtungur á erfitt með að lesa sér til gagns. (2016, 6. desember). *Ruv.is*. Sótt af <http://ruv.is/frett/fimmtungur-a-erfitt-med-ad-lesa-ser-til-gagns>
- Fjórðungur 15 ára drengja getur ekki lesið sér til gagns. (2011, 29. september). *Fréttablaðið*, bls. 1.
- Freyja Birgisdóttir. (2011). Þróun læsis frá fjöggra til átta ára aldurs. *Ráðstefnurit Netlu – Menntavika 2011*. Sótt af <https://skemman.is/bitstream/1946/12361/1/freyja.pdf>
- Freyja Birgisdóttir. (2016). Orðaforði og lestrarfærni: Tengsl við gengi nemenda í lesskilningshluta PISA. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2016 – um læsi*. Sótt af [http://netla.hi.is/serrit/2016/um\\_laesi/04\\_16\\_laesi.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2016/um_laesi/04_16_laesi.pdf)
- Heimir Karlsson og Gunnlaugur Helgason. (2017, 15. maí). Erum við að breyta strákum í stelpur? [Útvarpsþáttur]. *Bítið morgunútvarp Bylgjunnar*. Sótt af <http://www.visir.is/section/MEDIA98&fileid=CLP51680>
- Hibell, B. og Guttormsson, U. (2011). *The ESPAD 2011 project plan*. Stokkhólmur: Centraförbundet för alcohol och narkotikaupplysning.
- Hibell, B., Andersson, B., Ahlstrom, S., Balakireva, O., Þóroddur Bjarnason, Kokkevi, A. og Kraus, L. (2012). *The 2011 ESPAD report: Substance use among students in 35 European countries*. Stokkhólmur: Centraförbundet för alcohol och narkotikaupplysning.
- Hughes-Hassel, S. og Rodge, P. (2007). The leisure reading habits of urban adolescents. *Journal of Adolescent & Adult Literacy*, 51(1), 22–33.
- Illugi um PISA: Vandinn er margþættur. (2013, 3. desember). *Ruv.is*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/illugi-um-pisa-vandinn-er-margthaettur>
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. (2004). *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum og Háskóli Íslands.
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Lingard, B. og Mills, M. (2009). Possibilities in the boy turn? Comparative lessons from Australia and Iceland. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 53(4), 309–325.
- Kane, E. (2006). No way my boys are going to be like that! Parents' responses to children's gender nonconformity. *Gender and Society*, 20(2), 149–176.
- Kimmel, M. (2010). *Boys and school: A background paper on the "Boy Crisis": Swedish government official reports*. Stokkhólmur: Swedish Government Inquiries.
- Kristín Heba Gísladóttir, Þorbjörg Ólafsdóttir, Brynhildur Þórarinsdóttir og Herdís Anna Friðfinnsdóttir. (2013). *Lestrarvenjur ungra bókaorma*. Akureyri: Barnabókasetur Íslands.
- Lahelma, E. (2014). Troubling discourses on gender and education. *Educational Research*, 56(2), 171–183.
- Lipsyte, R. (2011, 19. ágúst). *Boys and reading: Is there any hope? The New York Times*. Sótt af <http://www.nytimes.com/2011/08/21/books/review/boys-and-reading-is-there-any-hope.html>
- Logan, S. og Johnston, R. (2009). Gender differences in reading ability and attitudes: Examining where these differences lie. *Journal of Research in Reading*, 32, 199–214.
- Martino, W. og Kehler, M. (2006). Male teachers and the 'boy problem': An issue of recuperative masculinity politics. *McGill Journal of Education*, 41(2), 113–131.
- McGeown, S., Goodwin, H., Henderson, N. og Wright, P. (2012). Gender differences in reading motivation: Does sex or gender identity provide a better account? *Journal of Research in Reading*, 35(3), 328–336.

McKenna, M. C., Kear, D. J. og Ellsworth, R. A. (1995). Children's attitudes toward reading: A national survey. *Reading Research Quarterly*, 30(4), 934–956.

Menntamálastofnun. (2016). *Helstu niðurstöður PISA 2015: Bráðabirgðaskýrsla*. Sótt af [https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa\\_2015\\_island.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2015_island.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2015). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik\\_Umbaetur\\_i\\_menntun.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/frettir/Hvitbik_Umbaetur_i_menntun.pdf)

Nanna Kristín Christiansen. (2008). *Drengir og grunnskólinn: Móðurskólaverkefni. Netla – Vef-tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/006/index.htm>

OECD. (2010). *PISA 2009 results: What students know and can do – Student performance in reading, mathematics and science: 2. bindi*. <http://dx.doi.org/10.1787/9789264091450-en>

OECD. (2014). *PISA 2012 results in focus: What 15-year-olds know and what they can do with what they know*. Sótt af <http://www.oecd.org/pisa/keyfindings/pisa-2012-results-overview.pdf>

OECD. (2016). *PISA 2015 results in focus*. Sótt af <https://www.oecd.org/pisa/pisa-2015-results-in-focus.pdf>

Ólafur: „Hentar ekki strákum að sitja og lesa“ – Telur skólakerfið bæla niður drengi. (2017, 20. janúar). *DV.is*. Sótt af <http://www.dv.is/folk/2017/1/25/olafur-hentar-ekki-strakum-ad-sitja-og-lesa-telur-skolakerfid-baela-nidur-drengi/>

Ragnar F. Ólafsson, Almar M. Halldórsson, Sigurgrímur Skúlason og Júlíus K. Björnsson. (2007). *Kynjamunur í PISA og samræmdum prófum 10. bekkjar*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Renaissance. (2016). *Annual report | November 2016: What kids are reading and how they grow*. Sótt af [http://www.renaissance.com/wp-content/uploads/2016/11/What-Kids-Are-Reading-2017.pdf?\\_ga=1.46426593.732573132.1479464708](http://www.renaissance.com/wp-content/uploads/2016/11/What-Kids-Are-Reading-2017.pdf?_ga=1.46426593.732573132.1479464708)

Reykjavíkurborg. (2010). *Aðgerðir til að bæta námsárangur drengja*. Sótt af [http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3807/6364\\_read-22550/](http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3807/6364_read-22550/)

Romme-Lund, H. (2007). *Hvad skaber lystlæser? En undersøgelse gennemført i et samarbejde mellem Gentofte bibliotekerne og Center for børnelitteratur*. Kaupmannahöfn: Center for Børnelitteratur/Danmarks Pædagogiske Universitet.

Skelton, C., Francis, B. og Read, B. (2010). “Brains before ‘beauty’?” High achieving girls, school and gender identities. *Educational Studies*, 36(2), 185–194.

Skelton, C. og Francis, B. (2011). Successful boys and literacy: Are “Literate boys” challenging or repacking hegemonic masculinity? *Curriculum Inquiry*, 41(4), 456–479.

Steinunn Gyðu- og Guðjónsdóttir. (2006). Um stöðu drengja í skólum\*\*\* og stúlkna líka. *Vefritið Hugsandi*. Sótt af <http://hugsandi.is/articles/um-stoedu-drengja-i-skolumog-stulkna-lika/>

Stéphanie Barillé, Hermína Gunnþórsdóttir og Markus Meckl. (í prentun). Innflytjendur í námi: Ný áskorun: Viðhorf foreldra og kennara til náms og kennslu. *Tímarit um uppeldi og menntun*.

Strommen, L. T. og Mates, B. F. (2004). Learning to love reading: Interviews with older children and teens. *Journal of Adolescents and Adult Literacy*, 48(3), 188–200.

Sveinbjörn Gestsson og Sigurgrímur Skúlason. (2015). *Samræmd könnunarpróf: Niðurstöður fyrir árið 2014. Rit 1*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Worthy, J., Moorman, M. og Turner, M. (1999). „What Johnny likes to read is hard to find at school“. *Reading Research Quarterly*, 34, 12–27.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Óttar Proppé, Nanna K. Christiansen, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir og Jón Páll Haraldsson. (2011). *Strákar og skólinn: Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja*. Sótt af <http://strakar.wordpress.com/about/>

Þorbjörn Broddason, Kjartan Ólafsson og Sólveig Margrét Karlsdóttir. (2009). Ný börn og nýir miðlar á nýju árpúsundi. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum X* (bls. 253–262). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir (2005). Karlar í útrýmingarhættu? Um stöðu kvenna og karla í framhaldsskólum og háskólum. Í Arna H. Jónsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir og Þórdís Þórðardóttir (ritstjórar), *Kynjamyndir í skólastarfi* (bls. 199–220). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þóroddur Bjarnason. (2006). Aðstæður íslenskra skólanema af erlendum uppruna. Í Úlfar Hauks-son (ritstjóri). Þjóðarspejillinn, *Ráðstefna VII um rannsóknir í félagsvísindum* (bls. 391–400). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

### Um höfunda

Brynhildur Þórarinsdóttir (brynh@unak.is) er dósent í barnabókmenntum við Há-Brynhildur Þórarinsdóttir (brynh@unak.is) er dósent í barnabókmenntum við Há-skólann á Akureyri. Hún lauk meistaraþrófi frá Háskóla Íslands og kennslufræði til kennsluréttinda frá Háskólanum á Akureyri. Rannsóknir hennar eru meðal annars á sviði lestrarvenja barna og unglunga.

Andrea Hjálmsdóttir (andrea@unak.is) er lektor í félagsfræði við Háskólann á Akur-eyri. Hún lauk meistaraþrófi frá University of British Columbia í Kanada. Rannsóknir hennar eru meðal annars á sviði jafnréttisviðhorfa og stöðu barna og unglunga.

Þóroddur Bjarnason (thorodd@unak.is) er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Hann lauk doktorsþrófi frá University of Notre Dame í Bandaríkjunum. Rannsóknir hans eru meðal annars á sviði stöðu og lífshátta barna og unglunga.

### Efnisorð

Lestrarvenjur, lestraráhugi, yndislestur, læsi, kynjamunur, drengjaorðræðan

### About the authors

Brynhildur Þórarinsdóttir (brynh@unak.is) is an associate professor of children's literature at the University of Akureyri. She completed a Master's degree from the University of Iceland and a Post Graduate Certificate of Education from the University of Akureyri. Her research includes reading habits of children and adolescents.

Andrea Hjálmsdóttir (andrea@unak.is) is an assistant professor of sociology at the University of Akureyri. She completed a Master's degree from the University of British Columbia, Canada. Her research includes youth, and attitudes towards gender equality.

Þóroddur Bjarnason (thorodd@unak.is) is a professor of sociology at the University of Akureyri. His research includes youth.

### Key words

Reading habits, reading interest, reading for pleasure, literacy, gender dif-feren-ces, the boy-turn

